

Fundur fræðslunefndar haldinn í Grunnskóla Þórshafnar föstudaginn 23. ágúst og hófst kl 16:00

Mættir: Siggeir Stefánsson formaður, Kristinn Lárusson, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Skýrslur skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn, Grunnskólans á Bakkafirði og Leikskólans Barnabóls.

Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, leikskólastjóri Barnabóls:

- Tekin inn 2 ný börn í maí vegna þess að það losnaði pláss
- Innleiðing aðalnámskrár.
- Sumarhátíð var haldin í júní og var hún á vegum foreldrafélagsins. Þar var gróðursett í sumarbeiðin. Góð stemning, gítar og sungið og flott veður þennan dag. Þá gaf foreldrafélagið leikskólanum gjöf, útileikföng og eru foreldrafélaginu hér með færðar þakkir fyrir góða gjöf.
- Sumarlokun í 5 vikur. Byrjað eftir sumarfrí á skipulagsdegi.
- Byrjuðu 4 ný börn þann 6. ágúst.
- Nú eru 32 börn í leikskólanum. Ein uppsögn barst nýverið.
- 5. september kemur Gerður Magnúsdóttir frá Landvernd og verður með fyrirlestur í tengslum við grænfánaverkefnið.
- Halldóra afhenti tvö eintök af áhættumati fyrir leikskólann sem hún hefur unnið ásamt trúnaðarmanni leikskólans. Lagði það fram til kynningar.
- Halldóra lagði fram skóladagatal fyrir leikskólann.
- Starfsmannabreytingar á leikskólanum í sumar. Sonja Súsanna er búinn að flytja sig yfir á Naust, Lilja Jónsdóttir er komin upp í Grunnskóla en er 20% á leikskólanum. Sunna Birnudóttir er komin í 100% starf á Seli. Magdalena er í vettvangsnámi og æfingarkennslu. Margrét Höskuldsdóttir ætlar að koma í afleysingar í haust.
- Á biðlistanum eru 5 börn sem eru komin með aldur núna, 2 börn sem eru komin með aldur um áramót og 3 börn sem eru komin með aldur næsta haust.

María Guðmundsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði:

- 17 nemendur og þar af 2 nemendur frá Ytra-Lóni
 - Nýr kennari fyrir Bylgju er Klemens Óli. Hann býr í gömlu kennaraíbúðinni í skólanum og það gengur meðan ekki er leikskóli. Ekkert annað húsnæði í boði fyrir kennara á Bakkafirði.
- Fræðslunefnd mælir með Klemens Óla. Samþykkt samhljóða.

- Aðrar breytingar eru ekki í starfsmannamálum í grunnskólanum á Bakkafirði.
- Búið að laga þakið á Grunnskólanum á Bakkafirði og laga inn í salnum.
- Verið að skoða að kaupa borð sem hægt er að nota í salinn. Sveitarfélagið ásamt íbúum ætla að kaupa þessi borð. Ætlunin er að kaupa 20 borð í heildina.
- Búið að flytja kennarastofuna yfir á gömlu hreppsskrifstofuna.
- María var á námskeiði í orð af orði sl mánudag.
- Áfram verður haldið áfram með vinnustofur. Ingvar hefur verið að halda fyrirlestra og hefur þar notað Bakkafjörð sem dæmi.
- María er að fara til Eistlands næsta mánudag og verður hálfan mánuð.
- Smásjáiin er komin sem var gjöf frá Ísfélagi Vestmannaeyja. Flott smásjá sem gefur mikla möguleika í kennslu. Þessa smásjá er hægt að tengja við tölvu og vinna áfram með það. Ísfélaginu eru færðar kærar þakkir fyrir höfðinglegt framlag sitt.
- María kom inn á það að það stefnir í að það þurfi að fara að opna leikskólann aftur. Lagt til að María fari yfir leikskólamála með Ólafi sveitarstjóra.

Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri Grunnskólanum á Þórshöfn:

- Leiðbeinendur við Grunnskólann á Þórshöfn í vetur.
 - Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, mun kenna dönsku og vera í 65% starfshlutfalli.
 - Heba Pétursdóttir, er umsjónarkennari 5.-6. bekk og kennir líka myndlist í 100% starfshlutfalli.
 - Hrafngerður Ösp Elíasdóttir, kennir verkgreinar, smíði og textíl. Auk þess kennir hún nemendum frá Svalbarði og Bakkafirði. Hún er í 65% starfshlutfalli.
 - Þorsteinn Ægir Egilsson, umsjónarkennari í 9 bekk. Kennir íþróttir og verður í 100% starfshlutfalli.
 - Vilborg Stefánsdóttir, verður verkefnisstjóri við skólann í vetur. Hún verður lítið í formlegri kennslu. Hún er í 100% starfshlutfalli.
 - Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, heltist úr lestinni á síðustu stundu. Þess vegna verður auglýst eftir kennara um helgina.

Fræðslunefnd mælir með þeim leiðbeinendum sem taldir eru upp hérna fyrir ofan. Samþykkt samhljóða

- Aðrir kennarar við skólann eru með kennsluréttindi og var búið að samþykkja þá í maí sl.
- Menntunarstigið í skólanum er gott.
- Skólabyrjunin byrjaði á 3 daga endurmenntunarnámskeiði - ART námskeið. Eftir hálfan mánuð verður haldin kynning á ART. ART mun setja mikinn svip á skólabraginn í vetur. Ingveldur taldi þetta námskeið hafa veirð mjög góða opnun á nýju skólaári en í því fólst mikið hópefli fyrir

starfsmenn. Það fékkst styrkur í þetta verkefni frá endurmenntunarsjóði grunnskóla.

- Farið á stað með þróunarverkefni í tengslum við aðalnámskrá Grunnskóla og er því stjórnað af Ingvari Sigurgeirssyni. Mjög gagnlegt þróunarverkefni og afurðin á að vera ný og endurbætt skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn.
- Framhald var af byrjendalæsisverkefninu, sem er styrkt af skólaþjónustunni. Fór að gefa ávöxt í vor.
- Jákvæður andi í skólanum og kraftur í kennaraliðinu.
- Mikið hefur verið gert í sumar, mikill árangur af endurbótunum og hefur verið gerð mikil bragabót á sérkennslurými við skólann.
- Valið byrjar fljótlega. Verður byrjað að fullum krafti eftir að elstu bekkingarnir koma til baka frá Eistlandi.
- Nemendum hefur fækkað á milli ára og verða í kringum 70 í vetur.
- Aukin áhersla á verk- og listgreinar í skólanum. Valkennsla er líka að aukast. Nemendur eru ánægðir með aukið val.
- Stundarskrárnar voru allar tilbúnar áður en skólinn byrjaði og uppfylla allar kröfur aðalnámskrár.
- Margir nýir að koma inn og það er mikið álag sem fylgir því.
- Fræðslunefnd þakkar Jóhönnu Thorsteinsson fyrir gott samstarf á liðnu ári og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

2. Nýtt erindisbréf fyrir fræðslunefnd:

Lagt fram til kynningar

3. Tónlistaskólann:

Spurt út í hvenær Kadri kemur og hvernig verður með stigspróf. Ingveldur kynnti stöðuna á því en það verður farið í stundartöflumálin um helgina. Ingveldur fékk ekki námsmatsblöðin frá Kadri í vor. Ingveldur fer yfir þetta með henni í byrjun skólaársins. Ingveldur hefur verið í sambandi við tónlistaskólans á Húsavík og eru þeir alveg til að styðja tónlistaskólann á Þórshöfn.

4. Umbótaáætlunin:

Ingveldur gerði grein fyrir því að umbótaráætlunin sé hennar helsta vinnugagn. Ekki hefur verið lagst yfir það núna í haust. Menntamálráðuneytið er ennþá að fylgjast með þessum málum hjá Gþ.

5. Forvarnarstefnu Langanesbyggðar.

Sigríður kynnti að hún ásamt formanni vímuvarnarráðs ætla að funda sem fyrst til að skipuleggja næstu skref í þessum forvarnarmálum. Siggeir lagði áherslu á að vinnan færi að hefjast.

Lagt til að þetta yrði unnið í samstarfi við íþrótt- og tómstundaráð.

6. Önnur mál:

Ræddur fundartími og fundarseta fræðslunefndar.

Ákveðið að fræðslunefnd muni funda næst þriðjudaginn 10. september 2013 kl 16:00 í leikskólanum Barnabóli.

Fundi slitið kl 18:10